

Mál nr. 223/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Suðuhaus í pokavél í plastpokagerð klemmdi fingur tjónþola.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 27.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.11.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 30.4.2008 var M við störf við pokavél í plastpokagerðinni V. Plast mun hafa flækst í vélinni og M stöðvað vélina og teygt sig í plastið til að fjarlægja það. Suðuhaus á vélinni seig þá niður og klemmdi tvo fingur M á hægri hendi.

Í umsögn Vinueftirlits ríkisins um slysið segir að M hafi verið að fylgjast með pokavélinni. Plastlengja sé á rúllu við enda vélarinnar og fari plastið í gegnum vélina þar sem suðuhaus skeri það í sundur þannig að úr verði margir plastpokar. M hafi svo pakkað pokunum saman í búnt. Stundum flækist plastið í vélinni og krumpast. Þegar slysið varð hafði slíkt gerst við suðuhausinn. M stöðvaði vélina og var að losa flækjuna með því að stýra suðuhausnum handvirkt, þ.e. lyfta honum með því að ýta á til þess gerðan takka. Ekki vildi betur til en að suðuhausinn fór á hönd M. Segir í umsögninni að slysið megi rekja til þess að hægt hafi verið að fara með hendur að hreyfanlegum hlutum þótt búið hafi verið að stöðva vélina. Er í umsögninni vísað til gr. 1.3.7 í viðauka I, um grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í tengslum við hönnun og smíði véla og öryggisíhluta, við reglur nr. 761/2001 um vélar og tæknilegan búnað, svo og 4., 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, svo gr. 2.3 í viðauka I með reglugerðinni. Fyrstu fyrirmæli Vinnueftirlitsins vegna slyssins voru að banna notkun vélarinnar þar til búið væri að skoða hana af vélvirkja (viðgerðarmanni) og gera við hana ef með þyrfti. Síðar var bætt við kröfum um úrbætur; annars vegar að þegar átt er við vélar með hreyfanlegum vélarhlutum þurfi að rjúfa straum á meðan og hins vegar að koma verði í veg fyrir inngríp starfsmanna við vélar sem standa á sér af einhverjum orsökum.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu V á því líkamstjóni sem hún hlaut í slysinu. Bótaskyldu hefur verið hafnað af hálfu V.

Álit.

Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að slysið verði rakið til vanbúnaðar eða bilunar í umræddri pokavél eða að ekki hafi verið farið að reglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum við notkun og umhirðu vélarinnar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til skorts á leiðbeiningum til M varðandi þá hættu sem í því fólst að fara með höndina inn í vélina og losa flækjuna á þann hátt sem hún hugðist gera. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.